

Rangárþing eystra
Guðmundur Úlfar Gíslason
Austurvegi 4
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 20. mars 2023
UST202303-156/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 og nýtt deiliskipulag – Dílaflöt

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra vegna breytinga á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020 – 2032 fyrir Dílaflöt.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að skilgreina 15 ha af landbúnaðarlandi í landi Dílaflatar sem nýtt ver slunar- og þjónustusvæði til að byggja upp gestahús til útleigu til ferðamanna.

Umhverfisviðmið

Samkvæmt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar¹ eru umhverfisviðmið skilgreind sem umhverfisverndarmarkmið í stefnu stjórnvalda og viðmiðunarmörk í reglugerðum, lagaákvæðum eða alþjóðasamningum, sem umhverfisáhrif stefnumiða áætlunar eru borin saman við, svo hægt sé að taka afstöðu til vægis tiltekinna umhverfisáhrifa.

Umhverfisstofnun bendir þess vegna á mikilvægi þess að horfið sé til fleiri umhverfisviðmið í umhverfismatsskýrslu, ef við á, eins og aðgerðaráætlun íslenskra stjórnvalda í loftlagsmálum², Vatnaáætlun 2022- 2027³.

Auk þess þarf að fjalla um vernd svæðisins sem er á náttúruminjaskrá sem nefnist Tjarnir og Tjarnanes, en að er verndað vegna gróðurs, dýralífs, mólendis, votlendis og mikils fuglavarps⁴ og að svæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði.⁵

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur

¹ <https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/aaetlanamat.pdf>

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/umhverfi-og-natturuvernd/loftslagsmal/adgerdaaetlun-i-loftslagsmalum/>

³ <http://www.vatn.is/>

⁴ <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/sudurland/>

⁵ <https://www.ni.is/is/dyr/fuglar/mikilvaeg-fugasvaedi/sudurlandsundirlendi>